

Reykjavík, 23. desember 2016

Samkomulag um sátt vegna brots Megindar ehf. á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki

Hinn 14. nóvember 2016 gerðu Fjármálaeftirlitið og Megind ehf., hér eftir nefndur málsaðili með sér samkomulag um að ljúka með sátt máli vegna brots á 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Meginatriði samkomulagsins eru sem hér segir:

Málsaðili viðurkennir að hafa brotið gegn 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki (fftl.) með því að hafa aukið við virkan eignarhlut sinn umfram 50% án þess að tilkynna kaupin fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins.

Málsaðili fellst á að greiða sekt að fjárhæð 250.000 krónur.

Málsaðili staðfestir að hann hafi upplýst að fullu um málsatvik sem samkomulag þetta varðar.

Málsatvik

Megind ehf. keypti 26% eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. þann 4. mars 2016. Fyrir átti félagið 49% hlut í Summu rekstrarfélagi hf. og fór því við kaupin yfir 50% eignarhlut. Samkvæmt 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki bar félaginu af þessum sökum skylda til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu að það hygðist auka við virkan eignarhlut sinn. Félagið upplýsti Fjármálaeftirlitið hins vegar ekki um kaupin fyrr en 8. mars og skilaði inn tilkynningu um virkan eignarhlut þann 17. mars sl.

Fjármálaeftirlitið sendi Megind ehf. bréf þann 3. maí þar sem óskað var eftir sjónarmiðum og andmælum félagsins. Andmæli félagsins bárust 17. maí. Í bréfi þess kemur fram að félaginu og hluthöfum þess hafi verið ljóst að kaup á auknum virkum eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. væru háð samþykki FME. Enn fremur kemur þar fram að þrátt fyrir að fyrirvari um samþykki FME hafi ekki komið fram í kaupsamningi hafi samningsaðilar engu síður gert sér grein fyrir því að slíkur fyrirvari væri á kaupunum og lítur Megind ehf. ekki svo á að kaupin séu að fullu gengin í gegn fyrr en samþykki FME liggur fyrir. Samkvæmt bréfinu telur Megind ehf. að fái ekki samþykki FME fyrir auknum virkum eignarhlut sé heimilt að lýsa kaupin niður fallinn þar sem seljandi hafi lýst því yfir að sér hafi verið ljóst að kaupin hafi verið háð slíku samþykki.

Lagagrundvöllur

Ákvæði 1. mgr. 40. gr. fttl. kveður á um að aðili sem hyggist eignast, einn sér eða í samstarfi við aðra, virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki skuli tilkynna Fjármálaeftirlitinu fyrir fram um áform sín. Hið sama eigi við ef aðili, einn sér eða í samstarfi við aðra, hyggist auka svo við eignarhlut sinn að virkur eignarhlutur nái eða fari yfir 20%, 33% eða 50% eða nemi svo



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

stórum hluta að fjármálafyrirtæki verði talið dótturfélag hans. Ákvæði 2. mgr. 40. gr. tiltekur að kaup á virkum eignarhlut geti ekki komið til framkvæmda fyrr en tímafrestur Fjármálaeftirlitsins til að yfirfara tilkynninguna sé liðinn eða Fjármálaeftirlitið hafi tilkynnt þeim sem hyggst eignast eða auka við virkan eignarhlut að hann sé hæfur til að fara með eignarhlutinn.

Brot á 1. mgr. 40. gr. ffl. getur varðað stjórnvaldssektum, sbr. 18. tölul. 1. mgr. 110. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og geta sektir sem lagðar eru á lögaðila numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr., sbr. 2. mgr. 110. gr. laganna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að ljúka málum vegna brota á 1. mgr. 40. gr. með sátt enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við, sbr. 111. gr. laganna og reglur nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Ákvörðun sektarfjárhæðar

Sektarfjárhæð er ákvörðuð í samræmi við reglur 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt. Samkvæmt reglunum er miðað við að sektarfjárhæð sé hlutfallslega lægri en sem ætla má að fjárhæð stjórnvaldssektar gæti numið að teknu tilliti til mögulegra þyngingar- og mildunarsjónarmiða auk þess sem litið er til þess á hvaða stigi meðferð máls er þegar því er lokið er sátt.

1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki er ætlað að tryggja að kaupandi að virkum eignarhlut í fjármálafyrirtæki sé hæfur til þess að fara með eignarhlutinn áður en kaupin ganga í gegn. Megind ehf. tilkynnti um kaup á 26% eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. þann 8. mars 2016. Kaupin gengu í gegn þann 4. mars og sama dag var helmingur kaupverðs greiddur. Fyrir kaupin hafði Megind ehf. verið metið hæft til að fara með allt að 50% virkan eignarhlut í Summu rekstrarfélagi hf. Eftir kaupin var eignarhlutur Megindar ehf. samtals 75% og með hliðsjón af því var Megind ehf. skylt að tilkynna kaupin fyrirfram til Fjármálaeftirlitsins, sbr. 1. mgr. 40. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Megind ehf. sendi Fjármálaeftirlitinu tilkynningu um aukinn virkan eignarhlut þann 17. mars 2016.

Með hliðsjón af eðli og umfangi brots, atvikum máls að öðru leyti og að teknu tilliti til þess að málinu er lokið með sátt við upphaf athugunar, er sektarfjárhæð talin hæfilega ákveðin 250.000 krónur.

Réttaráhrif

Samkomulag þetta er gert á grundvelli 111. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og reglna nr. 728/2014 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt.

Samkomulagið er bindandi fyrir málsaðila og Fjármálaeftirlitið þegar báðir aðilar hafa samþykkt og staðfest efni þess með undirskrift sinni. Við greiðslu sektarfjárhæðar er málinu lokið.

Málsaðili brýtur gegn samkomulaginu ef hann t.d. greiðir ekki umsamda sektarfjárhæð, gaf rangar upplýsingar um málsatvik eða leyndi upplýsingum sem máli skipta. Verði málsaðili



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

uppvís að því að brjóta gegn samkomulaginu getur Fjármálaeftirlitið felld það úr gildi og tekið málið til meðferðar á ný. Brot gegn samkomulagi um sátt telst jafnframt sjálfstætt brot sem getur varðað stjórnvaldssekt.